

Umdæmisstjóri - Governor 2017 -2018 Konráð Konráðsson



Ég er fæddur og uppalinn í Kópavogi þar sem Kiwanisklúbburinn Eldey hefur starfað síðan 1972. Ég er giftur Bryndísi Hinriksdóttur og á með henni 3 börn, Unni Ýri, Maríu og Sigurð Örn.

Ég er tölvunarfræðingur að mennt og starfa hjá Reiknistofu bankanna. Ég stundaði íþróttir hjá Breiðabliki og lúðrablástur hjá Skólahjómsveit Kópavogs og Hornaflokki Kópavogs. Þessi áhugamál lifa með mér og ég hef enn gaman af alls kyns sprikli. Golf, badminton og skokk stunda ég reglulega og tónlistaráhuganum hef ég komið í farveg með því að syngja í Samkór Kópavogs og er svo farinn að blása í básúnu aftur eftir áratuga hlé.

Ég gekk í Kiwanisklúbbinn Eldey 22. febrúar 2002, á 30 ára afmæli klúbbsins. Mér var vel tekið þar og ég tók strax að starfa í nefndum. Ég var forseti Eldeyjar 2009-2010 eftir að hafa gegnt embætti féhirðis og gjaldkera. Embætti svæðisstjóra Ægissvæðis gegndi ég 2012-2013, hef starfað með fræðslunefnd umdæmisins og verið tengiliður umdæmisins við gagnagrunn Kiwanis International frá 2010.

Kjörorð mitt sem umdæmisstjóra er:
Úr vörn í sókn.